

4. desember 2006
SÍ 31221

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 24. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 386. mál, eigið fé, EES-reglur.

Frumvarpið byggir á tilskipunum 2006/48/EB (lánstofnanatilskipunin) og nr. 2006/49/EB (eiginfjárkröfutilskipunin). Með þessum tilskipunum er teknar upp nýjar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja sem byggðar eru á staðli frá Basel-nefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið eru einungis meginatriði tilskipananna tekin í löginn sjálf, en útfærslum og tækniatriðum vísað í reglur sem settar verða af Fjármálaeftirlitinu. Seðlabankinn gengur út frá því að frumvarpið endurspegli ákvæði tilskipananna og leggur áherslu á mikilvægi þess að það verði samþykkt.

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri